

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

VERÐBRÉFASJÓÐIR ÍSLANDSSJÓÐA

Útboðslýsing

IS Ríkisskuldabréf meðallöng hs.

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn hs.

IS Ríkisskuldabréf löng hs.

IS Heimssafn hs.

EFNISYFIRLIT

Tilkynning til fjárfesta	4
Upplýsingar um verðbréfasjóð	5
Heiti, stofndagur, deildaskipting	5
Reglulegar skýrslur og reglur	5
Skattareglur.....	5
Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings.....	5
Helstu einkenni hlutdeildarskírteina,	5
Slit.....	6
Ráðstöfun tekna.....	6
Innlausnarréttur og lausafjárstýring.....	6
Virði hlutdeildarskírteina.....	6
Reglur um verðmat eigna.....	6
Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini.....	7
Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina	7
Umsjónarlaun til rekstrarfélags, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður	7
Íslandssjóðir hf.....	8
Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt.....	9
Útvistuð verkefni	9
Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.	10
Endurskoðendur Íslandssjóða hf. og Verðbréfasjóða Íslandssjóða.....	10
Vörsluaðili.....	10
Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla	11
Ýmsar upplýsingar.....	11
Sjóðsdeildir Verðbréfasjóða Íslandssjóða	12
Markmið, fjárfestingaraðferð, fjárfestingarstefna, eignasamsetning, árangur, áhættuþættir o.fl.	12
IS Ríkisskuldabréf meðallöng.....	12
Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna	12
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu.....	12
Traust verðbréf	12
Áætlaður meðallíftími eignasafns	13
Árangur.....	13
Ávöxtun IS Ríkisskuldabréf meðallöng	13
IS Ríkisskuldabréf meðallöng - Ársávöxtun síðustu 5 ára	13
Fyrir hvern er sjóðurinn?.....	13
Fjárfesting í afleiðum	13
Áhættuþættir sjóðsins.....	14
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum	14
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn.....	16
Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna	16
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu.....	16

Árangur.....	16
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn - Ávöxtun	16
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn - Ársávöxtun síðustu 5 ára	17
Fyrir hvern er sjóðurinn?.....	17
Fjárfesting í afleiðum	17
Áhættuþættir sjóðsins.....	17
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum.....	17
IS Ríkisskuldabréf löng	19
Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna	19
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu.....	19
Traust verðbréf	19
Áætlaður meðallíftími eignasafns	19
Fyrri árangur sjóðsins.....	19
IS Ríkisskuldabréf löng - Ávöxtun.....	19
IS Ríkisskuldabréf löng - Ársávöxtun síðustu 5 ára	20
Fyrir hvern er sjóðurinn?.....	20
Fjárfesting í afleiðum	20
Áhættuþættir sjóðsins	21
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum.....	21
IS Heimssafn.....	22
Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna	22
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu.....	22
Árangur.....	22
IS Heimssafn - Ávöxtun	22
IS Heimssafn - Ársávöxtun síðustu 5 ára	23
Fyrir hvern er sjóðurinn?.....	23
Fjárfesting í afleiðum	23
Áhættuþættir sjóðsins.....	24
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum.....	24
Reglur fyrir Verðbréfasjóði Íslandssjóða	26
I. KAFLI - Heiti, tegund, deildaskipting og hlutverk.....	26
II. KAFLI - Rekstrarfélag.....	26
III. KAFLI - Markmið og fjárfestingarstefna.....	26
IV. KAFLI - Vörsluaðili	28
V. KAFLI - Þóknun rekstraraðila.....	29
VI. KAFLI - Heimild til markaðssetningar sjóðsins.....	29
VII. KAFLI – Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn	29
VIII. KAFLI - Samruni, slit, breyting á reglum	30
Útdráttur úr lögum nr. 161/2021 um verðbréfasjóði	32
IX. kafli: Fjárfestingarheimildir	32

TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóðsdeilda **Verðbréfasjóða Íslandssjóða** er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar af kostgæfni, sem og fylgiskjöl hennar. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsdeilda með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæður, ytri aðstæður og áhættu sem í fjárfestingunni felst. Minnt er á að kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættu sem er að finna á blaðsíðu 11 í útboðslýsingunni og í umfjöllun um sjóðsdeildir.

Útboðslýsinguna skal á engan hátt skoða sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Íslandssjóða hf. eða annarra. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, við mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsdeilda Verðbréfasjóða Íslandssjóða sem fjárfestingarkostum.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini Verðbréfasjóða Íslandssjóða.

Útboðslýsing þessi er unnin í samræmi við lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerð nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf. Útboðslýsingin er uppfærð a.m.k. einu sinni á ári.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, lýsa því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir og að í hana vanti engin mikilvæg atriði er áhrif geti haft á mat á Verðbréfasjóðum Íslandssjóða, einstökum sjóðsdeildum eða hlutdeildarskírteinum þeirra.

Kópavogi, 16. desember 2021

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFASJÓÐ

Heiti, stofndagur, deildaskipting

Sjóðurinn heitir **Verðbréfasjóðir Íslandssjóða** og var stofnaður í júlí 2003.

Verðbréfasjóðir Íslandssjóða starfa í fjórum aðgreindum sjóðsdeildum (hér eftir er einnig vísað til einstakra sjóðsdeilda sem sjóði). Sjóðirnir er reknir í formi hlutdeildarsjóða og heita þeir:

IS Ríkisskuldabréf meðallöng hs., kt. 540489-5569

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn hs., kt. 540489-5809

IS Ríkisskuldabréf löng hs., kt. 540489-6459

IS Heimssafn hs., kt. 510699-9049

Reglulegar skýrslur og reglur

Útboðslýsingin, lykilupplýsingar, upplýsingablað, ársreikningar og árshlutareikningar eru aðgengileg á vef Íslandssjóða, www.islandssjodir.is, og liggja jafnframt frammi á skrifstofu Íslandssjóða hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Reglur Verðbréfasjóða Íslandssjóða er að finna í þessari útboðslýsingu.

Skattareglur

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Íslandsbanki, vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðnum.

Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings

Upplýsingar um sjóðsdeildir Verðbréfasjóða Íslandssjóða birtast í ársreikningi og árshlutareikningi Íslandssjóða hf. Reikningsár Verðbréfasjóða Íslandssjóða er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok mars hvert ár og árshlutareikningur fyrir lok ágúst.

Helstu einkenni hlutdeildarskírteina,

Hlutdeildarskírteinishafar eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsdeilda í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar, sbr. 39. gr. laga nr. 116/2021. Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðsdeild í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því. En óski eigandi ekki eftir útgáfu hlutdeildarskírteina fær hann í hendur skriflega kvittun fyrir eignarhlutdeild sinni í viðkomandi sjóðsdeild þar sem fram kemur kaupverð í krónum, fjöldi hluta í viðkomandi sjóðsdeild og gengi á keyptum hlutum. Einingum í sjóðsdeild fylgir ekki atkvæðisréttur. Hlutdeildarskírteinishafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Verðgildi einnar einingar í sjóðsdeild var 1.000 kr. við stofnun viðkomandi sjóðsdeildar, verðgildi einnar einingar breytist síðan í takt við ávöxtun.

Slit

Um við hverjar aðstæður megi ákveða að slíta sjóðnum og hvernig að því skuli staðið vísast til 12. gr. í reglum sjóðsins.

Ráðstöfun tekna

Allar deildir Verðbréfasjóða Íslandssjóða eru vaxtarsjóðir, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðsdeildum Verðbréfasjóða Íslandssjóða.

Innlausnarréttur og lausafjárstýring

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á birtu innlausnarvirði (gengi) í sjóðnum, sjá nánar í kafla um tilhögun viðskipta hlutdeildarskírteina hér að neðan. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í deildinni, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsdeildar er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðsdeild staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Jafnframt skal frestun auglýst á vef Íslandssjóða.

Lausafjárstýring sjóðsins er undir eftirliti áhættustýringar Íslandssjóða. Sjóðstjórum ber að tryggja að það sé nægt laust fé og auðseljanlegar eignir á hverjum tíma til að geta staðið við innlausnir. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða öðrum auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar.

Virði hlutdeildarskírteina

Innra virði sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum sjóðsins, svo sem við lánastofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Virði (gengi) hlutdeildarskírteina er innra virði sjóðsins deilt niður á heildarfjölda hlutdeildarskírteina.

Virði hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda er reiknað daglega á virkum dögum og birtist daglega á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is og einnig á vef Íslandssjóða, www.islandssjodir.is.

Reglur um verðmat eigna

Mat á eignum sjóðsdeilda sjóðsins fer eftir 21. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Mat á eignum skal á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati Íslandssjóða, undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Íslandssjóðir skulu halda skrá yfir mat eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum. Starfrækt er verðmatsnefnd innan Íslandssjóða.

Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini sjóðanna er hægt að kaupa og hjá Íslandsbanka sem er staðsettur í Hagasmára 3, 201 Kópavogi eða í útibúum Íslandsbanka hf. á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir í Netbanka Íslandsbanka á www.islandsbanki.is eða í smáforriti Íslandsbanka (e. app). Hlutdeildarskírteini eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 15:00 eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum í IS Ríkisskuldabréf meðallöng, IS Úrvalsvísitölusjóðnum og IS Ríkisskuldabréf löng, þ.e. (T+2). Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta í þessum sjóðum afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum.

Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 15:00 eru afgreiddar þriðja virka dag í IS Heimssafni, þ.e. (T+3). Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta í IS Heimssafni afgreiðast að fjórum virkum dögum liðnum.

Sjóðunum er þó heimilt að afgreiða slíkar pantanir fyrir ef um mistök eða villu í kerfum er að ræða, að því skilyrði uppfylltu að afgreiðslan skaði ekki hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins.

Við kaup á hlutum í sjóðunum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er virði (gengi) hlutdeildarskírteina ekki þekkt fyrir en deginum eftir að kaupin áttu sér stað. Sama á við þegar selt er í sjóðunum.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa og hlutdeildarskírteini eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina

Þóknun vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini sjóðsins hjá Íslandsbanka, sölu- og dreifingaraðila sjóðanna, fer eftir verðskrá Íslandsbanka hverju sinni. Við kaup á hlutdeildarskírteinum greiðist upphafsgjald. Upplýsingar um hámarkshlutfall upphafsgjalds er í töflu 1 hér að neðan og rennur það að fullu til söluaðila sjóðsins.

Tafla 1:	Hámarks upphafsgjald:
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	1,0%
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	1,0%
IS Ríkisskuldabréf löng	1,0%
IS Heimssafn	2,0%

Sjóðsdeildirnar greiða ekkert upphafsgjald vegna viðskipta með aðra sjóði í rekstri Íslandssjóða.

Söluaðila sjóðanna er heimilt að innheimta afgreiðslugjald sem rennur að fullu til söluaðila sjóðsins. Afgreiðslugjald skv. verðskrá Íslandsbanka er 1.000 kr. við útgáfu þessarar lýsingar.

Umsjónarlaun til rekstrarfélags, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður

Fyrir rekstur sjóðsdeilda Verðbréfasjóða Íslandssjóða greiða sjóðsdeildir Íslandssjóðum hf. umsjónarlaun sem eru ákveðið hlutfall af eignum, en mismunandi eftir deildum. Í rekstri sjóðsdeilda felast m.a. eignastýring sjóðsins, áhættustýring, umsýsla, þ.e. bókhald og lögfræðipjónusta, mat á verðmæti eigna, innra eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina, útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina, þjónusta við eigendur o.fl. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðanna. Umsjónarlaun sjóðanna má sjá í [töflu 2](#). Umsjónarlaun eru innheimt mánaðarlega.

Tafla 2:

	Umsjónarlaun:
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	0,9%
IS Úrvalsvisitölusjóðurinn	0,4%
IS Ríkisskuldabréf löng	0,9%
IS Heimssafn ¹	1,5%

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. lífeyrissjóðum og umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af umsjónarlaunum sjóðsins.

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar Verðbréfasjóða Íslandssjóða er ekki innifalinn í umsjónarlaunum, né heldur gjald vegna Fjármálaeftirlitsins (FME). Íslandssjóðir hf. geta kafið sjóðsdeildir um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna, fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, aðkeyptrar lögfræðipjónustu, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins. Nýjustu upplýsingar um viðvarandi gjöld er að finna í lykilupplýsingum sjóðsins.

Íslandssjóðir hf. hafa, í samræmi við ákvæði 22. gr. laga nr. 116/2021, samið við Íslandsbanka hf. um sölu hlutdeildarskírteina og þjónustu við viðskiptavini. Einnig hafa Íslandssjóðir hf., í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 116/2021, samið við Íslandsbanka hf. um að vera vörsluaðili sjóðsins. Hlutverk vörsluaðila er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóðsins. Fyrir þjónustuna greiða Íslandssjóðir hf. þóknun.

Fyrir vörslu eigna sjóðsdeilda skal sjóðurinn jafnframt greiða vörslugjöld til vörsluaðila skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka en sjóðirnir hafa samið um 25% afslátt af innlendra verðbréfaeign og er þóknunin við útgáfu þessarar lýsingar 0,03375%. Vörslugjöld eru reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Ekki eru tekin vörslugjöld af innlánnum eða lausu fé sjóðsins.

Annar kostnaður sem getur komið til er viðskiptakostnaður, miðlunarpóknanir og vextir. Sjóðurinn greiðir slíkan kostnað þegar hann fellur til. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins.

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf.

Íslandssjóðir hf., var upprunalega stofnað árið 1994 (Rekstrarfélag VÍB hf.), vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka hf. Félagið sér um daglegan rekstur Verðbréfasjóða Íslandssjóða, sbr. 35. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, auk þess sér það um daglegan rekstur verðbréfasjóðanna IS Veltusafn, IS Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán, IS Eignasafn og IS Eignasafn – Ríki og sjóðir og sérhæfðu sjóðanna fyrir almenna fjárfesta IS Lausafjár safn, IS Skuldabréfasafn, IS Ríkisskuldabréf óverðtryggð, IS Sértryggð skuldabréf, IS Sértryggð skuldabréf VTR, IS Græn skuldabréf, IS Hlutabréfasjóður, IS EQUUS Hlutabréf, og IS Einkasöfn. Einnig reka Íslandssjóðir sérhæfða sjóði sem eingöngu má markaðssetja til fagfjárfesta. Hlutfé félagsins er 25 milljónir króna og hefur það allt verið greitt.

Þar sem Íslandssjóðir eru rekstrarfélag verðbréfasjóða gildir d liður 84. gr. laga um fjármálaafyrirtæki, nr. 161/2002 varðandi eiginfjárgrunn, auk þess sem félagið er með til staðar tilskilið eiginfjárgrunnsálag sem nær yfir áhættuna

¹ Umsjónarlaun undirliggjandi sjóða sem IS Heimssafn fjárfestir í skulu að hámarki vera 1,5% á ári. Vegið meðaltal umsjónarlauna undirliggjandi sjóða námu 0,81% í september 2021.

af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar. Endurskoðendur og Fjármálaeftirlitið hefur reglubundið eftirlit með að eiginfjárlutfall uppfylli skilyrði laga. Eiginfjárlutfall félagsins er birt í árs- og hálfársreikningi hverju sinni.

Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt

Íslandssjóðir hafa sett sér starfskjarastefnu sem skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Íslandssjóðir leggja áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Samkvæmt stefnunni skal stjórnarmönnum greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins. Starfskjör framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi og ekki skal gera samning við framkvæmdastjóra sem felur í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamnings, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur framkvæmdastjóra skal ekki vera lengri en sex til tólf mánuðir. Íslandssjóðir skulu ekki gera samninga um kaupauka, þ.e. starfskjör sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Ef stjórn félagsins hyggst taka upp kaupaukakerfi þarf áður að fá samþykki hluthafafundar. Ekki er til staðar kaupaukakerfi hjá Íslandssjóðum. Greint skal frá kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársreikningi Íslandssjóða. Hjá Íslandssjóðum starfar starfskjaranefnd sem er skipuð a.m.k. tveimur mönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er m.a. að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um starfskjör félagsins. Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu Íslandssjóða og samsetningu starfskjaranefndar eru aðgengilegar á vef félagsins: www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/stjorn-og-undirnefndir/. Afrit af starfskjarastefnunni á pappír er aðgengileg fjárfestum án endurgjalds samkvæmt beiðni.

Útvistuð verkefni

Á grundvelli 22. gr. laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 hafa Íslandssjóðir hf. gert útvistunarsamning við Íslandsbanka hf. um að sjá um afmörkuð verkefni fyrir félagið, en nánar tiltekið er um að ræða verkefni skv. a., b., d., e., f., g., h., og i. lið 3. tölul. og 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna. Íslandsbanki hf. sér m.a. um markaðssetningu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavini. Fjármálasvið Íslandsbanka mun sjá um útreikning á innlausnarvirði og viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og uppgjör viðskipta.

Einnig sér Íslandsbanki um innheimtu umsýðingarlauna og vörsluþóknunar fyrir sjóðinn. Svið Regluvörslu og Innri endurskoðunar Íslandsbanka sinnir jafnframt ákveðnum eftirlitsþáttum fyrir félagið á grundvelli útvistunarsamninga.

Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, markaðsviðskipti, eignafjármögnun og eignastýring. Íslandsbanki hf. má eiga eignarhluti í félögum sbr. 22. og 28. gr. sömu laga. Bankinn er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir eru í eigu Íslandsbanka. Hagsmunaárekstrar geta hugsanlega komið upp þegar fjármálafyrirtæki og/eða starfsmenn þess þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi fjármálafyrirtækja geta t.d. skapast kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, fjármálafyrirtækisins eða sjóðs eru ekki þeir sömu. Íslandssjóðum og Íslandsbanka er skylt að grípa til allra sanngjarnra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Íslandssjóða. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga.

Útvistun Íslandssjóða á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Íslandssjóða gagnvart verðbréfasjóði eða hlutdeildarskírteinis höfum.

Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.

- Stjórnarmenn: Jensína Kristín Böðvarsdóttir, kt. 190369-4049, BA í auglýsingafræði, MBA.
Kristján Björgvinsson, kt. 090664-3019, viðskiptafræðingur, M.Sc. í fjármálum
Sigurður B. Stefánsson, kt. 250247-4949, Ph.D. í hagfræði.
Sylvía Kristín Ólafsdóttir, kt. 151280-4129, BS í iðnaðarverkfræði, M.Sc. í aðgerðar-rannssóknum.
- Varamenn: Jón Eðvald Malmquist, kt. 071074-4639, lögmaður.
Hólmfríður Einarsdóttir, kt. 030972-2959, B.Sc. Business and International Marketing.
- Framkvæmdastjóri: Kjartan Smári Höskuldsson, kt. 220380-4169, BA í sálfræði, MA í alþjóðaviðskiptum.

Endurskoðendur Íslandssjóða hf. og Verðbréfasjóða Íslandssjóða

Endurskoðendur Íslandssjóða og sjóðanna eru Ernst & Young ehf., kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Skyldur endurskoðenda eru m.a. óháð endurskoðun árs- og árshlutareikninga og framkvæmd könnunaraðgerða í tengslum við reikningana.

VÖRSLUAÐILI

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 116/2021 skal rekstrarfélag tryggja að fyrir sérhvern verðbréfasjóð sem það rekur sé skipaður einn vörsluaðili. Vörsluaðili IS Veltusafns er Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabanka-starfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, markaðsviðskipti, eignafjármögnun og eignastýring. Íslandsbanki hf. má eiga eignarhluti í félögum sbr. 22. og 28. gr. sömu laga. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggi samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Skyldur vörsluaðila felast m.a. í því að vakta sjóðstreymi sjóðs, tryggja að allir fjármunir séu lagðir inn á reikninga sjóðsins, varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyrri sjóðnum. Jafnframt ber vörsluaðila að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fari samkvæmt lögum og reglum sjóðs, framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðs, tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tekjur verðbréfasjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans glatast. Vörsluaðili ber jafnframt ábyrgð á öðru tjóni sem hann af ásetningu eða af gáleysi veldur sjóðnum eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna. Beri vörsluaðili bótaábyrgð gagnvart fjárfesti í sjóðnum getur bótakröfu fjárfestis verið beint að vörsluaðila af hálfu sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hans hönd.

Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, sjóðsins, eigenda hlutdeildarskírteina eða Íslandssjóða nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktaðir og fjárfestar upplýstir um þá.

STEFNA UM FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Íslandssjóðir hafa sett sér stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sjóða í rekstri félagsins. Í stefnunni er að finna lista yfir aðila sem koma má pöntunum til. Stefnan er aðgengileg fjárfestum á vefsíðu félagsins, www.islandssjodir.is.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR

Hvorki stjórnarmenn Íslandssjóða hf. né framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. hafa fengið lán hjá félaginu, né hefur félagið gengist í ábyrgðir fyrir þá. Engir skilmálar eru í gildi um kaup stjórnarmanna og starfsmanna á hlutabréfum í félaginu eða á hlutdeildarskírteinum sjóðsdeilda.

SJÓÐSDEILDIR VERÐBRÉFASJÓÐA ÍSLANDSSJÓÐA

MARKMIÐ, FJÁRFESTINGARAÐFERÐ, FJÁRFESTINGARSTEFNA, EIGNA-SAMSETNING, ÁRANGUR, ÁHÆTTUÞÆTTIR O.FL.

Sjóðsdeildir (sjóðir) Verðbréfasjóða Íslandssjóða sækja fjárfestingarheimildir í IX. kafla laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

IS Ríkisskuldabréf meðallöng

Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna og aðferð: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði. Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum til þess að fastsetja hagnað eða draga úr áhættu sjóðsins. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Í ljósi þess að afleiður sjóðsins verða einungis nýttar í þeim tilgangi að draga úr áhættu sem tengist öðrum eignaflokkum sem sjóðurinn hefur fjárfest í þykir ekki ástæða til þess að sundurliða sérstaklega heimildir tengdar afleiðum. Fjárfestingarheimildir sjóðsins styðjast við ákvæði 70. gr. laga nr. 116/2021 um traust verðbréf.

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Eignaflokkur	Eign, %*	Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	97,2	70	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	20
Laust fé	2,8		

* m.v. 1. desember 2021

Traust verðbréf

Á grundvelli 70. greinar laga nr. 116/2021 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 100% eigna sinna í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem íslenska ríkið gefur út eða ábyrgist, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Fjárfestingar sjóðsins samkvæmt þessari heimild skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Áætlaður meðallíftími eignasafns

Áætlaður meðallíftími eignasafns IS Ríkisskuldabréfa meðallangra er 4 – 7 ár. Sjóðurinn fjárfestir eingöngu í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs.

Árangur

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils. Ávöxtun er m.a. háð þróun markaðsvaxta og verðbólgu. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

Ávöxtun IS Ríkisskuldabréf meðallöng


* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	2,0	4,2	5,8	5,2	5,8

* m.v. 1. desember 2021

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	-2,4	0,2	2,1	1,7	2,6

* m.v. 1. desember 2021

IS Ríkisskuldabréf meðallöng - Ársávöxtun síðustu 5 ára



Raunávöxtun er ávöxtun umfram verðbólgu þ.e. ávöxtun umfram hækkun á viðmiðunarvísitölu, sem í tilvikum Verðbréfasjóða Íslandssjóða er sett fram sem ávöxtun umfram breytingu á vísitölu neysluverðs sem er reiknuð og gefin út af Hagstofu Íslands í hverjum mánuði. Nafnávöxtun er ávöxtun af ákveðinni eign að meðtalinni hækkun vegna verðbólgu.

Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í tvö ár eða lengur. Meðallíftími skuldabréfaeignar sjóðsins getur verið á bilinu 4 til 7 ár, þannig að gengi sjóðsins er næmt fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu og það lækkað tímabundið. Upplýsingar um áhættustig sjóðsins er að finna á lykilupplýsingum sjóðsins.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum til að draga út áhættu eða minnka kostnað. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Með framvirkum samningum eða

skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum gjalddaga í framtíðinni. Með vísan til 5. og 6. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 er sjóðnum bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Í framvirkum samningum og skiptasamningum felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið er yfir hér í kafla um áhættuþætti sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Afleiður skulu ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins og notar sjóðurinn einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustöðu sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsverði (e. marked-to-market).

Áhættuþættir sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun markaðsvaxta, því ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar þá veldur það lækkan á eignum sjóðsins og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á skuldabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á skuldabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingarnar geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjárahætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn verðbréfa eða peningamarkaðsskjala né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Vaxtaáhætta** – Verðbréfasjóður þar sem samsetning eigna er að mestu leiti í skuldabréfum hefur í sér fölgna vaxtaáhættu þar sem breytingar á vöxtum hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa.
- d) **Greiðsluáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiðir ekki á gjalddaga.
- e) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fölginn í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.

- g) Áhætta tengd smæð markaðar** – Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnsæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur er margir og dreifðir.
- h) Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- i) Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn fjárfestir að meginstefnu til í verðtryggðum skuldabréfum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjöðnun til lengri tíma sé óveruleg.
- j) Mótaðilaáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í afleiðum og er hætta á því að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans.

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn

Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að ná sömu ávöxtun og Úrvalsvísitala Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki (OMXI10 Cap ISK) að teknu tilliti til kostnaðar.

Fjárfestingarstefna og aðferð: IS Úrvalsvísitölusjóðurinn er vísitölusjóður, sbr. 68. grein laga nr. 116/2021 og fjárfestir í hlutabréfum sem skráð eru í Kauphöll Íslands og skal vægi hvers félags endurspeglja vægi þess í Úrvalsvísitölu Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki (OMXI10 Cap ISK). Sem vísitölusjóður stundar sjóðurinn svokallaða hlutlausu stýringu þ.e. hefur að markmiði að endurspeglja Úrvalsvísitölu Kauphallar Nasdaq Iceland. Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskirteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins.

Stýring sjóðsins byggist á hlutlausri eignaráðstöfun þar sem sjóðurinn endurspeglar samsetningu Úrvalsvísitölu Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki. Eignir sjóðsins eru aðlagðar að samsetningu og virði vísitölnnar á hverjum tíma.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Eignaflokkur	Eign, %*	Lágm.,%	Hám.,%
Innlend hlutabréf	99,7	90	100
Laust fé	0,3		

* 1. desember 2021

Árangur

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils og er háð þróun hlutabréfaverðs. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn - Ávöxtun


* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	41,6	25,4	23,9	16,0	12,1

* m.v. 1. desember 2021

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	35,5	20,5	19,5	12,2	8,7

* m.v. 1. desember 2021

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn - Ársávöxtun síðustu 5 ára



Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í fimm ár eða lengur og þola miklar verðsveiflur. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Þróun síðustu ára sýnir að verð á innlendum hlutabréfum sveiflast mikið og niðursveiflur geta verið langar. Upplýsingar um áhættustig sjóðsins er að finna á lykilupplýsingum sjóðsins.

Áhættuþættir sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun á hlutabréfamákaði. Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- Markaðsáhætta** – Ef verð á hlutabréfum á markaði lækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins og að sama skapi ef verð á hlutabréfum á markaði hækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á hlutabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á hlutabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingarnar geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.
- Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn hlutabréfa né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- Áhætta tengd smæð markaðar** – Íslenskur hlutabréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnsæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur er margir og dreifðir.

- d) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- e) **Uppgjörshætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.

IS Ríkisskuldabréf löng

Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í íbúðabréfum og húsbrefum, ríkisbrefum, öðrum skuldabrefum með ábyrgð ríkissjóðs eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabrefum.

Fjárfestingarstefna og aðferð: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í skuldabrefum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem skuldabrefum útgefnum af Íbúðalánasjóði. Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum til þess að fastsetja hagnað eða draga úr áhættu sjóðsins. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Í ljósi þess að afleiður sjóðsins verða einungis nýttar í þeim tilgangi að draga úr áhættu sem tengist öðrum eignaflokkum sem sjóðurinn hefur fjárfest í þykir ekki ástæða til þess að sundurliða sérstaklega heimildir tengdar afleiðum. Fjárfestingarheimildir sjóðsins styðjast við ákvæði 70. gr. laga nr. 116/2021 um traust verðbréf.

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Eignaflokkur	Eign, %*	Lág.,%	Hám.,%
Skuldabréf og vixlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	97,0	70	100
Innlán fjármálaafyrirtækja	0	0	20
Laust fé	3,0		

* 1. desember 2021

Traust verðbréf

Á grundvelli 70. greinar laga nr. 116/2021 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 100% eigna sinna í skuldabrefum útgefnum af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð hans, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Áætlaður meðallíftími eignasafns

Áætlaður meðallíftími eignasafns sjóðsins IS Ríkisskuldabréf löng er 6 – 12 ár. Sjóðurinn fjárfestir eingöngu skuldabrefum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs.

Fyrri árangur sjóðsins

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils. Ávöxtun er m.a. háð þróun markaðsvaxta og verðbólgu. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

IS Ríkisskuldabréf löng - Ávöxtun


* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkisskuldabréf löng	4,7	5,3	6,6	6,2	7,1

* m.v. 1. desember 2021

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkisskuldabréf löng	0,2	1,2	2,9	2,7	3,9

* m.v. 1. desember 2021

IS Ríkisskuldabréf löng - Ársávöxtun síðustu 5 ára



Raunávöxtun er ávöxtun umfram verðbólgu þ.e. ávöxtun umfram hækkun á viðmiðunarvísitölu, sem í tilviki Verðbréfasjóða Íslandssjóða er sett fram sem ávöxtun umfram breytingu á vísitölu neysluverðs sem er reiknuð og gefin út af Hagstofu Íslands í hverjum mánuði. Nafnávöxtun er ávöxtun af ákveðinni eign að meðtalinni hækkun vegna verðbólgu.

Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í þrjú ár eða lengur og er mælt með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Meðallíftími skuldabréfaeignar sjóðsins getur verið á bilinu 6 til 12 ár, þannig að gengi sjóðsins er næmt fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu, sem leiðir til þess að sveiflur geta verið miklar á gengi sjóðsins, en jafnast út þegar til lengri tíma er litið. Upplýsingar um áhættustig sjóðsins er að finna á lykilupplýsingum sjóðsins.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum til þess að fastsetja hagnað eða draga úr áhættu sjóðsins. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Með framvirkum samningum eða skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum gjaldþega í framtíðinni. Með vísan til 5. og 6. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 er sjóðnum bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Í framvirkum samningum og skiptasamningum felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið er yfir hér í kafla um áhættuþætti sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Sjóðurinn notar einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustöðu sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsvirði (e. marked-to-market).

Áhættupættir sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun markaðsvaxta, því ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í.

Áhættupættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á skuldabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á skuldabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingarnar geta haft áhrif til hækunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn verðbréfa eða peningamarkaðsskjala né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Vaxtaáhætta** – Verðbréfasjóður þar sem samsetning eigna er í skuldabréfum að mestu leiti hefur í sér fölgna vaxtaáhættu þar sem breytingar á vöxtum hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa.
- d) **Greiðsluáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiðir ekki á gjaldþega.
- e) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fölginn í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluáðila.
- g) **Áhætta tengd smæð markaðar** – Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnsæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur er margir og dreifðir.
- h) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- i) **Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn fjárfestir að meginstefnu til í verðtryggðum skuldabréfum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fölginn er í hækkanði verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjöðnun til lengri tíma sé óveruleg.
- j) **Mótaðilaáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í afleiðum og er hættan á því að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans.

IS Heimssafn

Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum í erlendum hlutabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum erlendum hlutabréfum.

Fjárfestingarstefna og aðferð: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sem fjárfesta á hlutabréfamörkuðum og uppfylla skilyrði laga um verðbréfasjóði (UCITS-sjóðir), eða hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu innan EES, Bandaríkjanna, Sviss og Ástralíu, að því tilskildu að skilyrði 3. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 séu uppfyllt. Sjóðnum er þó ekki heimilt að fjárfesta meira en 30% af eignum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sbr. 2. mgr. 71. gr. laga nr. 116/2021. Einnig er heimilt að ávaxta eignir sjóðsins í skráðum hlutabréfum enda veiti hlutabréfið réttindi í sameiginlegri fjárfestingu. Sjóðnum er þó aðeins heimilt að fjárfesta 20% í einstökum verðbréfasjóðum eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 116/2021. Jafnan skal sjóðurinn vera fullfjárfestur í hlutdeildarskírteinum og hlutabréfum, en sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum til að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna en að hámarki 10% af heildareignum.

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Eignaflokkur	Eign, %*	Lágm.,%	Hám.,%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (UCITS)	89,9	60	100
Hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 3. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021	5,5	0	30
Hlutabréf	0	0	10
Laust fé	4,6		

* 1. desember 2021

Árangur

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils og er háð þróun hlutabréfaverðs og gengi krónunnar. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

IS Heimssafn - Ávöxtun

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Heimssafn	13,8	17,4	14,5	14,3	13,8


* m.v. 1. desember 2021

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Heimssafn	8,9	12,8	10,5	10,5	10,4

* m.v. 1. desember 2021

Raunávöxtun er ávöxtun umfram verðbólgu þ.e. ávöxtun umfram hækkun á viðmiðunarvísitölu, sem í tilviki Verðbréfasjóða Íslandssjóða er sett fram sem ávöxtun umfram breytingu á vísitölu neysluverðs sem er reiknuð og gefin út af Hagstofu Íslands í hverjum mánuði. Nafnávöxtun er ávöxtun af ákveðinni eign að meðtalinni hækkun vegna verðbólgu.

IS Heimssafn - Ársávöxtun síðustu 5 ára



Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í fimm ár eða lengur og þola miklar verðsveiflur í von um hærrí ávöxtun. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Þróun síðustu ára sýnir að verð á erlendum hlutabréfum sveiflast mikið og niðursveiflur geta verið langar. Eignir sjóðsins eru í erlendum gjaldmiðlum en sjóðurinn er gerður upp í krónum. Ávöxtun sjóðsins sveiflast því einnig með breytingum á gengi gjaldmiðla. Upplýsingar um áhættustig sjóðsins er að finna á lykilupplýsingum sjóðsins.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður til að draga úr áhættu, eða til að festa verð á hlutabréfum vegna fyrirsjáanlegra innlausna eða vegna markaðsaðstæðna enda sé það hluti af eignastýringu sjóðsins. Sjóðurinn notar afleiður í þeim tilgangi að draga úr áhættu eða minnka kostnað. Með notkun afleiðna stefnir sjóðurinn að því að halda fjárfestingum sínum innan fjárfestingarstefnu sjóðsins. Helstu tegundir sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar, þar sem hlutabréf eru keypt eða seld framvirkt. Með framvirkum samningi skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi hlutabréf, hlutdeildarskírteina í sjóðum og/eða peningamarkaðsskjöl á ákveðnu verði í framtíðinni. Í framvirkum samningi felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið er yfir hér í kafla um áhættuþætti sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Með vísan til 5. og 6. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 er sjóðnum heimilt að eiga viðskipti með skráðar og óskráðar afleiður, enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á raunvirði hverju sinni.

Afleiður skulu ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins og notar sjóðurinn einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustaða sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsvirði (e. marked-to-market).

Áhættupættir sjóðsins

Fjárfesting í sjóðasjóði eins og IS Heimssafni sem fjárfestir í öðrum verðbréfasjóðum getur verið áhættuminni en fjárfesting í sjóði sem fjárfestir beint í einstökum hlutabréfum þar sem áhættudreifing sjóðasjóða er að jafnaði meiri. Það felst í því að skv. 71. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði skal verðbréfasjóður ekki fjárfesta fyrir meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þurfa þeir sjóðir jafnframt að dreifa áhættu sinni skv. tilteknum reglum, þannig er áhættudreifing sjóðasjóða eins og IS Heimssafns mikil.

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun á hlutabréfamarkaði. Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni. Áhætta vegna fjárfestinga sjóðsins í afleiðum er óveruleg, þar sem innan við 10% af sjóðnum má binda í afleiðum.

Áhættupættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef verð á hlutabréfum á markaði lækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins og að sama skapi ef verð á hlutabréfum á markaði hækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á hlutabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á hlutabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingarnar geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjárahætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn hlutabréfa né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Áhætta vegna eignatengsla hlutafélaga á markaði** – Erlendir og alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir eru stórir í sniðum miðað við íslenska hlutabréfamarkaðinn. Engu að síður er ekki hægt að útiloka að eignatengsl félaga á mörkuðum geti haft áhrif á verðmyndun hlutabréfa á viðkomandi markaði. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda hlutabréfa sem getur leitt til þess að vandamál eða erfiðleikar einstakra félaga hafi víðtækari áhrif en annars myndi verða (e. ripple effect).
- d) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- e) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.
- g) **Önnur atriði** – Athygli fjárfesta er vakin á því að þar sem sjóðurinn bindur fjárfestingar sínar ekki við fjárfestingar í sjóðum sem fjárfesta í tilteknum atvinnugreinum og fjárfestir í hlutabréfum sem skráð eru í

kauphöllum í hinum ýmsu löndum heimsins hvað varar landfræðilega legu og markaðssvæði, felst mat á áhættuþáttum m.a. í mati sjóðsstjóra á þessum atriðum hverju sinni.

REGLUR FYRIR VERÐBRÉFASJÓÐI ÍSLANDSSJÓÐA

I. KAFLI - Heiti, tegund, deildaskipting og hlutverk

1. grein

Sjóðurinn heitir **Verðbréfasjóðir Íslandssjóða** og starfar í fjórum aðgreindum sjóðsdeildum (sjóðum) og eru þær reknar í formi hlutdeildarsjóða. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og starfar skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sækir fjárfestingarheimildir í IX. kafla fyrrnefndra laga. Deildir sjóðsins heita:

IS Ríkisskuldabréf meðallöng hs., kt. 540489-5569

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn hs., kt. 540489-5809

IS Ríkisskuldabréf löng hs., kt. 540489-6459

IS Heimssafn hs., kt. 510699-9049

II. KAFLI - Rekstrarfélag

2. grein

Íslandssjóðir hf., 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er rekstrarfélag sjóðsins skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

Ekki verður skipt um rekstrarfélag nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlitsins á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og svo framarlega sem að nýtt rekstrarfélag sjóðsins sé með starfsleyfi sem slíkt í skilningi laga nr. 116/2021. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á rekstrarfélagi sjóðsins í samræmi við 13. gr. reglna þessara.

III. KAFLI - Markmið og fjárfestingarstefna

3. grein

3.1. IS Ríkisskuldabréf meðallöng

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna og aðferð: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði. Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum til þess að fastsetja hagnað eða draga úr áhættu sjóðsins. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Í ljósi þess að afleiður sjóðsins verða einungis nýttar í þeim tilgangi að draga úr áhættu sem tengist öðrum eignaflokkum sem sjóðurinn hefur fjárfest í þykir ekki ástæða til þess að sundurliða sérstaklega heimildir tengdar afleiðum. Fjármálaeftirlitið hefur heimilað IS Meðallöngum ríkisskuldabréfum að nýta sér heimild 70. gr. laga nr. 116/2021 til að fjárfesta að hámarki 100% af heildareignum í skuldabréfum útgefnum af Ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð hans.

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Eignaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	70	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	20

3.2. IS Úrvalsvísitölusjóðurinn

Markmið sjóðsins er að ná sömu ávöxtun og Úrvalsvísitala Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki (OMX10 Cap ISK) að teknu tilliti til kostnaðar.

Fjárfestingarstefna og aðferð: IS Úrvalsvísitölusjóðurinn er vísitölusjóður, sbr. 68. grein laga nr. 116/2021 og fjárfestir í hlutabréfum sem skráð eru í Kauphöll Íslands hf. og skal vægi hvers félags endurspegla vægi þess í Úrvalsvísitölu Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki (OMX10 Cap ISK). Sem vísitölusjóður stundar sjóðurinn svokallaða “passíva stýringu” þ.e. hefur að markmiði að endurspegla Úrvalsvísitölu Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki (OMX10 Cap ISK). Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins.

Stýring sjóðsins byggist á hlutlausri eignaráðstöfun þar sem sjóðurinn endurspeglar samsetningu Úrvalsvísitölu Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki. Eignir sjóðsins eru aðlagðar að samsetningu og virði vísitölnnar á hverjum tíma.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Verðbréfaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Innlend hlutabréf	90	100

3.3. IS Ríkisskuldabréf löng

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í íbúðabréfum, húsbúðabréfum, ríkisbréfum, öðrum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna og aðferð: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði. Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum til þess að fastsetja hagnað eða draga úr áhættu sjóðsins. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Í ljósi þess að afleiður sjóðsins verða einungis nýttar í þeim tilgangi að draga úr áhættu sem tengist öðrum eignaflokkum sem sjóðurinn hefur fjárfest í þykir ekki ástæða til þess að sundurliða sérstaklega heimildir tengdar afleiðum. Fjármálaeftirlitið hefur heimilað IS Löngum ríkisskuldabréfum að nýta sér heimild 70. gr.

laga nr. 116/2021 til að fjárfesta að hámarki 100% af heildareignum í skuldabréfum útgefnunum af Ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð hans.

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Eignaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	70	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	20

3.4. IS Heimssafn

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum í erlendum hlutabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum erlendum hlutabréfum.

Fjárfestingarstefna og aðferð: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sem fjárfesta á hlutabréfamörkuðum og uppfylla skilyrði laga um verðbréfasjóði (UCITS-sjóðir), eða hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu innan EES eða í Bandaríkjunum, Sviss og Ástralíu, að því tilskildu að skilyrði 3. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 séu uppfyllt. Sjóðnum er þó ekki heimilt að fjárfesta meira en 30% af eignum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sbr. 2. mgr. 71. gr. laga nr. 116/2021. Einnig er heimilt að ávaxta eignir sjóðsins í skráðum hlutabréfum enda veiti hlutabréfið réttindi í sameiginlegri fjárfestingu. Sjóðnum er þó aðeins heimilt að fjárfesta 20% í einstökum verðbréfasjóðum eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 116/2021. Jafnan skal sjóðurinn vera fullfjárfestur í hlutdeildarskírteinum og hlutabréfum, en sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum til að lágmarka áhættu vegna verðsveiflna en að hámarki 10% af heildareignum.

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Verðbréfaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (UCITS)	60	100
Hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 3. tl. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021	0	30
Hlutabréf	0	10

IV. KAFLI - Vörsluaðili

4. grein

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi er vörsluaðili sjóðsins sbr. VI. kafla laga nr. 116/2021 og sér um varðveislu og umsjá fjármálagerninga sjóðsins samkvæmt samkomulagi þar um. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og

samþykki Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinis höfum ef breyting verður á vörsluaðila sjóðsins í samræmi við 13. gr. reglna þessara.

V. KAFLI - Þóknun rekstraraðila

5. grein

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur sjóðsins er að hámarki ákveðinn hundraðshluti á ári og reiknast af meðalstöðu eigna. Hlutfall Umsjónarlauna miðast við heilt ár, en Umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsins.

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur deilda Verðbréfasjóða Íslandssjóða er ákveðinn hundraðshluti á ári sem reiknast af meðalstöðu eigna:

<u>Tafla 1:</u>	<u>Umsjónarlaun:</u>
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	0,9%
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	0,4%
IS Ríkisskuldabréf löng	0,9%
IS Heimssafn (lágmarkskostnaður)	1,5%

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í Umsjónarlaunum og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Íslandssjóðir hf. geta krafist sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, aðkeyprtar lögfræðipjónustu, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. lífeyrissjóðum og Umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af Umsjónarlaunum sjóðsins.

VI. KAFLI - Heimild til markaðssetningar sjóðsins

6. grein

Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt 25. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og hefur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi.

VII. KAFLI – Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn

7. grein

Hlutdeildarskírteinis hafa eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsdeilda sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðunum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því, sem eru staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins sbr. 39. gr. laga 116/2021.

8. grein

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini sjóðsdeildar að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu innlausnarvirði í sjóðnum. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í deildinni, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því

og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðs er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinis höfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Frestun skal jafnframt auglýst opinberlega á heimasíðu Íslandssjóða. Að öðru leyti gilda ákvæði 61. gr. laga nr. 116/2021 um frestun innlausnar.

Við kaup á hlutum í sjóðsdeild Verðbréfasjóða Íslandssjóða er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrr en deginum eftir að kaupin áttu sér stað. Uppgjör viðskipta með IS Ríkisskuldabréf meðallöng, IS Úrvalsúsitölusjóðinn og IS Ríkisskuldabréf löng eru á (T+2) og IS Heimssafn eru á (T+3). Nánari upplýsingar um tilhögun viðskipta og viðmiðunartíma viðskipta er að finna í útboðslýsingu.

9. grein

Sjóðirnir eru vaxtarsjóðir, þ.e. ekki arðgreiðslusjóðir. Tekjur af sjóðunum verða endurfjárfestar og endurspeglast í verði hlutdeildarskírteina.

10. grein

Innra virði hvernar sjóðsdeildar er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsdeildar að frádregnum skuldum sjóðsdeildar, svo sem við lánastofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Virði (gengi) hlutdeildarskírteina er innra virði sjóðsdeildar deilt niður á heildarfjölda hlutdeildarskírteina. Virði hlutdeildarskírteina sjóðsdeildar er reiknað daglega á virkum dögum og birtist daglega á vef Íslandssjóða.

VIII. KAFLI - Samruni, slit, breyting á reglum

11. grein

Sjóðurinn eða einstaka deild hans verður ekki sameinuð öðrum verðbréfasjóði nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og í kjölfarið að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins hvað varðar innlendan samruna og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds samrunasjóðs ef um millilandasamruna sé að ræða. Varðandi hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins eða einstaka deild hans við aðra verðbréfasjóði þá gilda ákvæði X. Kafla laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, þar sem m.a. er kveðið á um umsókn um heimild til samruna, samrunaáætlun samrunasjóðs og yfirtökusjóðs, staðfestingu vörsluaðila, viðmiðanir við mat á eignum, upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa, réttindi hlutdeildarskírteinishafa, kostnað við samruna, gildistöku samruna, áhrif samruna o.fl.

12. grein

Sjóðnum eða einstökum deildum hans verður ekki slitið nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins eða einstökum deildum hans þess efnis. Komi til slita sjóðsins eða einstakra deilda hans skal koma eignum í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda hluta í eigu þeirra. Íslandssjóðum er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa á sanngjarnan hátt (*e. in kind*). Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjör sjóðsins eða einstakra deilda hans sem er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn vörsluaðila til vörslu.

Tilkynna skal um slit sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti. Einnig er heimilt að birta tilkynninguna í dagblöðum og á vefsíðu Íslandssjóða. Tilkynning skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og fyrirhugaða dagsetningu gildistöku slitanna. Tilkynna skal um slit sjóðsins til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 13. gr. reglna þessara.

13. grein

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur þessar og getur breytt þeim á lögmætum stjórnarfundum ef meirihluti stjórnarmanna er samþykktur. Breytingar á reglum þessum öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

Kópavogi, 16. desember 2021

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

ÚTDRÁTTUR ÚR LÖGUM NR. 161/2021 UM VERÐBRÉFASJÓÐI

IX. kafli: Fjárfestingarheimildir

64. gr. Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir taka til verðbréfasjóðs eða til einstakra deilda hans, sé hann deildaskiptur.

Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í eftirtölu:

Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga,

ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan EES sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða

hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði í ríki utan EES eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan EES sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegan markað eða annan markað skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en innan árs frá útgáfu þeirra.

Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða með staðfestingu samkvæmt lögum þessum eða sambærilegri löggjöf innan EES. Einnig er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu að því tilskildu að:

verðbréfasjóður sýni fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir sjóðir séu leyfis skyldir samkvæmt lögum, lúti lögum samkvæmt sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, og að samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda sjóðsins sé tryggt,

vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð á sambærilegan hátt og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar aðgreiningu eigna, innlausnarrétt, lánveitingar, lántökur og skortsölu framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga,

gefinn sé út ársreikningur og árs hlutareikningur sjóðsins a.m.k. á sex mánaða fresti til að gera kleift að meta eignir og skuldir, tekjur og rekstur á reikningstímabili, og

þeim sjóðum sem ætlunin er að kaupa hlutdeildarskírteini eða hluti í sé óheimilt samkvæmt reglum sjóðsins að fjárfesta meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Innlánnum lánastofnana sem hafa staðfestu í ríki innan EES. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánnum lánastofnana með staðfestu utan EES sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að lánastofnanirnar búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan EES. Innlán samkvæmt þessum tölulíð geta verið hefðbundin innlán sem eru innleysanleg á hverjum tíma og bundin innlán sem eru endurgreiðanleg að kröfu innlánsseiganda innan tólf mánaða.

Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum markaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði skv. 1. tölul. Undirliggjandi eignir afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.

Afleiðum utan skipulegra markaða. Undirliggjandi eignir afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta varfærnis eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega á áreiðanlegan og sannreynanlegan hátt. Tryggt skal að hægt sé að selja, gera upp eða loka slíkum samningum samdægurs á raunvirði hverju sinni.

Peningamarkaðsgerningum skv. 16. tölul. 1. mgr. 3. gr. sem viðskipti eru með utan skipulegra markaða eða annarra markaða ef útgáfan eða útgefandinn fellur undir reglur sem hafa þann tilgang að vernda fjárfesta og sparifé að því tilskildu að eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:

aðildarríki, sveitarfélag aðildarríkis, seðlabanki aðildarríkis, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu, ríki utan EES, ríki innan sambandsríkis eða alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri aðildarríkja eru aðilar að, gefa út eða ábyrgjast gerninginn,

útgefandi gerningsins er félag sem hefur gefið út verðbréf sem viðskipti eiga sér stað með á skipulegum verðbréfamörkuðum eða öðrum mörkuðum sem um getur í 1. tölul.,

aðili sem sætir varfærniseftirliti, eða lýtur og hlítir varfærnisreglum sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi, gefur út eða ábyrgist gerninginn, eða

aðrir aðilar sem Fjármálaeftirlitið samþykkir gefa út gerninginn eða ábyrgjast að því tilskildu að:

fjárfestingar í slíkum gerningi heyri undir sambærilega fjárfestavernd og gerningar skv. a–c-lið,

útgefandi gerningsins sé með eigið fé og varasjóði sem nema að lágmarki jafnvirði 10 milljóna evra, miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni, og leggur fram og birtir ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga eða sambærilega löggjöf annars EES-ríkis, og

útgefandi gerningsins sé innan samstæðu með einu eða fleiri skráðum félögum og helgi sig fjármögnun samstæðunnar eða sé aðili sem helgar sig fjármögnun verðbréfunaraðila með aðgangi að lánalínu hjá lánastofnun.

Öðrum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum en skv. 1.–7. tölul. fyrir sem svarar allt að 10% af eignum verðbréfasjóðsins.

Verðbréfasjóði er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða og upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar.

65. gr. Yfirtaka eigna og hrávörur.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

66. gr. Áhættustýring og önnur skilyrði vegna afleiðuviðskipta.

Fjárfesti verðbréfasjóður í afleiðum utan skipulegra markaða skal rekstrarfélagið hafa yfir að ráða óháðu og áreiðanlegu ferli til að verðmeta þær afleiður.

Rekstrarfélag skal reglubundið skila Fjármálaeftirlitinu upplýsingum á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður þar sem fram koma tegundir afleiðna sem fjárfest hefur verið í, undirliggjandi áhætta þeirra, magntakmarkanir og þær aðferðir sem valdar hafa verið til að meta áhættu sem leiðir af afleiðuviðskiptunum í tengslum við hvern verðbréfasjóð sem það rekur. Fjármálaeftirlitið skal gera upplýsingarnar aðgengilegar ESMA og Evrópska kerfisáhætturáðinu komi fram beiðni þar um vegna eftirlits með kerfisáhættu.

Verðbréfasjóði er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga þessara sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt þessari málsgrein skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið verðbréfasjóðsins.

Verðbréfasjóður skal tryggja að heildaráhætta afleiðuviðskipta sjóðsins sé ekki umfram innra virði sjóðsins. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta, selja, gera upp eða loka viðkomandi afleiðu.

Verðbréfasjóði er heimilt, í samræmi við fjárfestingarstefnu sína, að fjárfesta í afleiðum innan þeirra takmarkana sem kveðið er á um í 67. gr. gegn því að hann tryggi að áhætta vegna undirliggjandi eigna fari ekki samanlagt yfir þær takmarkanir sem kveðið

er á um í 67. gr. Þegar framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðsgerningar fela í sér afleiðu, skal tekið mið af afleiðunni þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

Ráðherra setur reglugerð um áhættustýringu verðbréfasjóða, svo sem um mat rekstrarfélags á virði afleiðna, um efni og verklag við tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins á tegundum afleiðna, undirliggjandi áhættu, magnbundnum takmörkum og aðferðum sem hafa verið valdar til að meta áhættu sem tengist viðskiptum með afleiður og um heildaráhættu verðbréfasjóðs vegna afleiðna, og einnig um fjárfestingaraðferðir sem heimilt er að nota.

67. gr. Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum og afleiðum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta meira en:

10% af eignum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama aðila eða

20% af eignum í innlánum sömu lánastofnunar.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra markaða má ekki vera umfram:

10% af eignum þegar mótaðili er lánastofnun skv. 4. tölul. 2. mgr. 64. gr. sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt, eða

5% af eignum þegar mótaðili er annar en lánastofnun skv. a-lið, en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í framseljanlegum verðbréfum eða peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama aðila skal samtala slíkra fjárfestinga ekki vera umfram 40% af eignum. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá lánastofnun eða afleiðna utan skipulegra markaða þegar mótaðili er lánastofnun sem lýtur varfærniseftirliti.

Þá skal samtala eftirfarandi fjárfestinga við sama aðila ekki vera umfram 20% af eignum sjóðsins:

framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga,

innlána og

áhættu vegna afleiðna utan skipulegra markaða.

Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. og 4. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög aðildarríkja, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast. Ekki skal tekið tillit til fjárfestinga samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. og 4. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 25% af eignum í skuldabréfum samkvæmt lögum um sértrygð skuldabréf og samsvarandi skuldabréfum útgefnum í ríki innan EES. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í sértrygðum skuldabréfum sama aðila skal samtala slíkra fjárfestinga ekki vera umfram 80% af eignum. Ekki skal tekið tillit til fjárfestinga samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Óheimilt er að leggja saman takmarkanir skv. 1.–6. mgr. Samtala fjárfestinga í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama aðila, innlánum þess aðila og afleiðum þar sem sá aðili er mótaðili skal ekki vera umfram 35% af eignum.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu í skilningi laga um ársreikninga skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum fyrir allt að 20% innan sömu samstæðu.

Þær takmarkanir sem settar eru á fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða samkvæmt lögum þessum gilda ekki þegar verðbréfasjóður nýtir sér áskriftarréttindi sem tengd eru framseljanlegum fjármálagerningum eða peningamarkaðsgerningum sem eru hluti eigna verðbréfasjóðsins.

68. gr. Vísitölusjóðir.

Þrátt fyrir ákvæði 67. og 73. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, vera birt opinberlega og endurspegla nægjanlega viðkomandi markað.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

69. gr. Peningamarkaðssjóðir.

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 67. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum sem tengjast þeim gerningum og innlånnum, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 64. gr.

70. gr. Traust verðbréf.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 67. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á a.m.k. sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Í útboðslýsingu og öðru markaðsefni skulu koma skýrt fram þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

71. gr. Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 3. tölul. 2. mgr. 64. gr. Þó skal verðbréfasjóður ekki fjárfesta fyrir meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða óbeint af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

72. gr. Takmarkanir á eignasafni.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,

10% af skuldaskjölum einstakra útgefanda verðbréfa,

25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, eða

10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefanda.

Heimilt er að víkja frá þeim hámarkum sem mælt er fyrir um í a–d-lið 1. mgr. á þeim tíma sem gerninganna er aflað ef ekki er unnt á þeim tíma að reikna heildarfjárhæð skuldabréfa eða peningamarkaðsgerninga eða hreina fjárhæð útgefina verðbréfa.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga sem ríki innan EES eða sveitarfélög aðildarríkja eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast eða alþjóðastofnanir sem eitt eða fleiri ríki EES eru aðilar að gefa út.

73. gr. Lán og ábyrgðir.

Verðbréfasjóði eða vörsluaðila fyrir hönd verðbréfasjóðs er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 64. og 66. gr. Þó er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og öðrum fjármálagerningum skv. 3. og 5.–7. tölul. 2. mgr. 64. gr. án þess að fjárfestingin sé að fullu greidd.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans. Þó er verðbréfasjóði heimilt að eignast erlendan gjaldeyri með skiptasamningum.

74. gr. Skortsala.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

75. gr. Útlánaáhætta vegna verðbréfunar.

Verðbréfasjóðum er eingöngu heimilt að taka á sig útlánaáhattu vegna verðbréfunar samkvæmt lögum um fjármálaþyrtingu ef útgefandinn hefur greint rekstrarfélagi sjóðsins sérstaklega frá því að hann muni ávallt halda eftir umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild sem skal ekki vera minni en 5%. Gildir ákvæði þetta um nýja verðbréfun og um þegar útgefna verðbréfun þar sem nýrri undirliggjandi áhættu er bætt við eða skipt út.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kröfur sem útgefandi þarf að uppfylla til að rekstrarfélag hafi heimild til að fjárfesta í skuldabréfavafningum eða sambærilegum fjármálagerningum samkvæmt ákvæði þessu, og um þær eigindlegu kröfur sem rekstrarfélög verðbréfasjóða sem fjárfesta samkvæmt ákvæði þessu þurfa að uppfylla.

76. gr. Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

Nýlega stofnaður verðbréfasjóður skal ná lögmæltu hámarki í síðasta lagi sex mánuðum frá veitingu staðfestingar sjóðsins.